

Fundur skólaráðs 23. febrúar 2017 kl. 15:45

Mættir voru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Valdís Kristinsdóttir fulltrúi kennara, Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Krístrún Ingadóttir og Guðrún María Brynjólfsson fulltrúar foreldrafélags, Margrét Birna Valdimarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ólöf Rún Óladóttir fulltrúi 10.bekkjar og Vignir Pálsson fulltrúi 9.bekkjar. Guðbjörg Sveinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1) Skóladagatal
Halldóra kynnti drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2017-2018. Spurning er hvort stefna eigi að því að ljúka skólastarfi með nemendum fyrir Sjóarann. Þá þarf að taka 5 starfsdaga fyrir skólabyrjun og 3 í lokin. Síðan þarf að hafa tvo tvöfalda nemendadaga t.d. jólahátíð og dreifa einum samskiptadegi. Með þessum hætti þá tekst að ljúka nemendastarfi föstudaginn 1.júní. Samskiptadagar hafa verið fjórir á skólaári. Rætt um fjölda samskiptadaga og hvenær best er að hafa þá.
- 2) Nemendaping
Verður haldið 28.mars fyrir 9.-10.bekk og 3.mars fyrir 7.-8.bekk og verða þingin kl. 8:00-10:00. Foreldrum og starfsmönnum er velkomið að taka þátt í þingstörfum.
- 3) Greinagerð um innra mat
Halldóra kynnti skýrslu um innra mat á skólastarfi.
- 4) Samræmd próf
Halldóra kynnti niðurstöður samræmdra prófa 2016
- 5) Starfsmannahald
Starfsmannasamtöl eru að fara af stað. Allar stöður sem leiðbeinendur eru í verða auglýstar.

Fundi slitið kl. 16:57